

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2011****2011/EES/54/25****frá 1. júlí 2011****um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1150/2009 frá 10. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 að því er varðar stöðluð eyðublöð fyrir birtingu auglýsinga við opinber innkaup í samræmi við tilskipanir ráðsins 89/665/EBE og 92/13/EBE ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1177/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfrjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/66/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/665/EBE og 92/13/EBE að því er varðar aukna skilvirkni í meðferð kærumála vegna gerðar opinberra samninga ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB) og 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB),
„– **32009 R 1177**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1177/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 64).“
2. Eftirfarandi bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 89/665/EBE):
„eins og henni var breytt með:
– **32007 L 0066**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/66/EB frá 11. desember 2007 (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 31).“
3. Texti aðlögunarliðar b) í 5. lið (tilskipun ráðsins 89/665/EBE) hljóði svo:
„Í stað tilvísunarinnar í „234. gr. sáttmálans“ í 9. mgr. 2. gr. komi, að því er EFTA-ríkin varðar, „34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.““

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 31.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5a (tilskipun ráðsins 92/13/EBE):
„– **32007 L 0066**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/66/EB frá 11. desember 2007 (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 31).“
5. Texti aðlögunarliðar b) í lið 5a (tilskipun ráðsins 92/13/EBE) hljóði svo:
„Í stað tilvísunarinnar í „234. gr. sáttmálans“ í 9. mgr. 2. gr. komi, að því er EFTA-ríkin varðar, „34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“ “
6. Texti aðlögunarliða c) og d) í lið 5a (tilskipun ráðsins 92/13/EBE) og í 14. viðbæti (LANDSYFIRVÖLD SEM BEINA MÁ TIL UMSÓKNUM UM SÁTTAMÉÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ 9. GR. TILSKIPUNAR RÁÐSINS 92/13/EBE) falli brott.
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 6c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005):
„– **32009 R 1150**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1150/2009 frá 10. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1150/2009 og 1177/2009 og tilskipunar 2007/66/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.